

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Klausturbleikja Skaftárhreppi.



<b>Dags eftirlits</b>	4.7.2023	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Freyr Ævarsson
<b>Fyrirtæki</b>	Klausturbleikja	<b>Eftirlitsmaður</b>	Freyr Ævarsson
<b>Heimili</b>	Klausturvegi 5	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	660290-1849	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Wojtek Buda	<b>ÍSAT nr.</b>	03.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Halldór Arinbjarnarson	<b>Staðsetning</b>	556946,066 598602,647

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sjö frávik komu fram í eftirlitinu. 1) Hættuleg efni voru geymd án viðeigandi lekavarna á gólfi í húsnæði rekstraraðila. 2) Framleiðsla ársins 2022 var umfram heimild í starfsleyfi. 3) Ársyfirliti var ekki skilað fyrir árið 2021. 4) Ársyfirliti var ekki skilað fyrir árið 2022. 5) Frárennismælingar voru ekki gerðar á tilskildum tíma árið 2023. 6) Árið 2023 var styrkur svifagna í að- og frárennsli ekki mældur. 7) Losun á fosfór árið 2022 var yfir heimiluðum mörkum. Ein ábending var gerð varðandi að huga þarf að nákvæmni mælinga á styrk fosfórs í vatnssýnum. Engin frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

### UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Klausturbleikju í Teygingalæk í Skaftárhreppi.

Eftirlitið var tvískipt og fólst annars vegar í vettvangsferð 4. júlí þar sem Wojtek Buda var fulltrúi rekstraraðila og hins vegar rafrænum fundi þann 6. júlí þar sem fulltrúi rekstraraðila var Halldór Arinbjarnarson.

Klausturbleikja er með starfsleyfi sem var gefið út þann 8.8.2012 og gildir til 1.9.2028. Samkvæmt starfsleyfinu er rekstraraðila heimilt að framleiða allt að 90 tonnum af bleikju á ári til manneldis.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

#### Vettvangsferð 4. júlí

Hættuleg efni, m.a. formalín, voru geymd án viðeigandi lekavarna á gólfi í húsnæði Klausturbleikju. Ekki er ljóst hvert frárennsli frá húsinu liggur og því er gerð krafa um að efnin séu öll með viðeigandi lekavörnum. Gengið var að settjörn stöðvarinnar og frárennslið skoðað. Stöðin er snyrtileg og engar athugasemdir gerðar við umgengni utanhúss.

#### Rafrænn fundur 6. júlí

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
- Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
- Kynning á nýrri gjaldskrá UST
- Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits
- Önnur mál

#### 1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Síðasta skráða eftirlit fór fram 1.12.2020.

Samkvæmt grænu bókhaldi fyrir árið 2022 var framleiðsla ársins 94 tonn sem er umfram heimild í starfsleyfi. Framleiðsla árána 2020 og 2021 var innan marka.

Samkvæmt mælingum á fosfór í frárennsli stöðvarinnar árið 2021 og útreikningum á losun fosfórs út frá fóðurnotkun, er mögulegt að losun fosfórs hafi verið umfram heimiluð mörk. Rekstraraðila er bent á að huga að nákvæmni mælinga á styrk fosfórs í þeim vatnssýnum sem eru tekin.

#### 2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi

Grænu bókhaldi var skilað á tilskildum tíma þau ár sem þessi eftirlitsskýrsla nær yfir (2021-2023). Í grænu bókhaldi fyrir árið 2022 kemur fram að losun á fosfór var 10,6 kg/framleitt tonn sem er yfir heimiluðum mörku í starfsleyfi.

Ársyfirliti fyrir árið 2020 var skilað þann 30.4.2021. Ársyfirlitum fyrir árin 2021 og 2022 hefur ekki verið skilað.

Meta, eða mæla, skal losun köfnunarefnis og fosfórs frá stöðinni annað hvert ár. Ef losun næringarefna er metin út frá fóðurmagni skal mæla innihald köfnunarefnis og fosfórs í seyru annað hvert ár. Ef losunin er mæld skal taka sýni úr að- og frárennsli annað hvert ár og skila niðurstöðum mælinganna fyrir 1. apríl sama ár. Efnainnihald í seyru hefur

ekki verið mælt hjá Klausturbleikju. Árið 2021 voru tekin að- og frárennslissýni þann 15. janúar og niðurstöðunum skilað 25. janúar. Tekin voru að- og frárennslissýni þann 19. apríl 2023 og niðurstöðunum skilað þann 27. apríl. Greina skal aukningu svifagna og TOC (eða COD) í viðtaka. COD hefur verið mælt en styrkur svifagna var ekki mældur árið 2023.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Áhættumatið var uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

4. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Umhverfisstofnun öðlaðist með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, heimild til álagninga stjórnvaldssekta.

5. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg

Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun. Ekki er talin vera mengun í jarðvegi á starfsvæði rekstraraðila.

6. Kynning á nýrri gjaldskrá UST

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

7. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsóknna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar. Farið var yfir tengiliðaupplýsingar rekstraraðila.

8. Önnur mál

Rekstraraðili áformar að sækja um nýtt starfsleyfi þar sem gert verði ráð fyrir talsvert aukinni framleiðslu. Í eftirlitinu kom fram að rekstraraðili stefnir á að framleiða meira en þau 90 tonn sem gildandi starfsleyfi heimilar og er hann því hvattur til að sækja um nýtt starfsleyfi sem fyrst.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 2.13 í starfsleyfi	Hættuleg efni, t.d. formalín, voru geymd án viðeigandi lekavarna á gólfi í húsnæði rekstraraðila.
gr. 1.2 í starfsleyfi	Rekstraraðili framleiddi 94 tonn af bleikju árið 2022.
gr. 3.5 í starfsleyfi	Ársyfirliti var ekki skilað fyrir árið 2021.
gr. 3.5 í starfsleyfi	Ársyfirliti var ekki skilað fyrir árið 2022.
gr. 3.3 í starfsleyfi	Frárennslismælingar og mælingar í viðtaka voru ekki gerðar á tilskildum tíma árið 2023.

gr. 3.3 í starfsleyfi

Árið 2023 var styrkur svifagna í frárennsli og viðtaka ekki mældur.

gr. 2.4 í starfsleyfi


Losun fosfórs árið 2022 var 10,6 kg/framleitt tonn, en hún má ekki vera yfir 7 kg/framleitt tonn.

## ÁBENDINGAR

Ein ábending var gerð í eftirlitinu, varðandi að huga þarf að nákvæmni mælinga á styrk fosfórs í að- og frárennsli til að unnt sé að meta losun frá stöðinni með nákvæmari hætti.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.08.2023



Freyr A. Evarsson

